# Fólkvangur Neskaupstaðar - Útivistarsvæði

## Breyting á deiliskipulagi

Fjarðabyggð

### ALMENNT

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulagið Fólkvangur Neskaupstaðar - Útivistarsvæði samþykkt var af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 06.04.2017.

Samkvæmt Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem Opið svæði til sérstakra nota (OP-10) Fólkvangur Neskaupstaðar. Í almennum skilmálum fyrir Opin svæði kemur m.a. fram að þau séu ætluð fyrir útivist og náttúruskoðun, með aðstöðu fyrir almenna útivist t.d. stíga og áningarstaði, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Einnig kemur fram að gert sé ráð fyrir bílastæðum og fræðsluskiltum á helstu aðkomustöðum og örðum viðkomustöðum við vegi innan opinna svæða. Fyrir Fólkvang Neskaupsstaðar eru í gildi eftirfarandi skipulagsákvæði:

*Áhersla á vernd landslags og náttúrulegs yfirbragðs. Gestir hafi tækifæri til að upplifa einstaka fjölbreytni í náttúrufari. Svæðið skal varið fyrir útbreiðslu ágengra tegunda. Um landnotkun að öðru leyti gilda reglur hins friðlýsta svæðis, þ.á.m. bann við mannvirkjagerð, jarðefnatöku og beit. Sjá nánar reglur um friðlýsingu (Stj.tíð. B nr. 333/1972).*

### DEILISKIPULAGSBREYTING

Breyting sem nú er gerð felur í sér breytingu á uppdrætti, skýringaruppdráttum og greinargerð. Deiliskipulagsbreyting felst í því að skipulagsmörkum er breytt þannig að skipulagssvæðið minnkar sem nemur skörun við nýtt deiliskipulag Snjóflóðavarna, Nes- og Bakkagil. Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi fyrir Snjóflóðavarnir Neskaupstað í Nes- og Bakkagili er gert ráð fyrir að hannaðar verði sérstakar ofanvatnsrásir fyrir yfirborðsvatn af garðsvæði ásamt vatni ofan úr hlíðinni. Því vatni verður síðan veitt austur í lækjarfarveg Stóralækjar. Af þeim sökum mun framkvæmdasvæði ofanflóðavarna í Neskaupstað við Nesgil og Bakkagil ná inn á gildandi deiliskipulag (Fólkvangur Neskaupstaðar – Útivistarsvæði). Með breytingu þessari er verið að bregðast við og tryggja öryggi fólks á svæðinu vegna ofanflóðahættu. Í nýju deiliskipulagi Snjóflóðavarnir Neskaupstað, Nes- og Bakkagil er jafnframt gert ráð fyrir gönguleið og göngubrú yfir Stóralæk, þ.e. frá aðkomusvæði og inn í Fólkvang Neskaupstaðar.

### BREYTING Á GREINARGERÐ

**Lagðar eru til breytingar á 4 kafla í greinargerð.**

#### Kafli 4 Afmörkun skipulagssvæðis

#### Gildandi skilmálar:

Skipulagssvæðið er staðsett utan við þéttbýlið í Norðfirði og er 320,4 ha að stærð. Mörk þess ná yfir fólkvang utan við Stóralæk, auk 2 ha svæðis innan hans. Stórilækur fellur til sjávar rétt utan við Norðfjarðarvita.  Frá efstu drögum Stóralækjar ná mörk fólkvangsins beint upp í eggjar og þaðan út í Nípukoll og niður í sjó á Níputá (Flesjartanga) (Alta, 2009). Afmörkun skipulagssvæðisins má sjá á mynd 3.



*Mynd 1 Fólkvangurinn í heild (til vinstri). Afmörkun deiliskipulagssvæðis sýnd með svartri brotalínu og mörk fólkvangs með bleikri brotalínu (til hægri).*

#### Tillaga að breyttum skilmálum:

Skipulagssvæðið er staðsett utan við þéttbýlið í Norðfirði og er 319,8 ha að stærð. Mörk þess ná yfir fólkvang utan við Stóralæk, auk 1,75 ha svæðis innan hans. Stórilækur fellur til sjávar rétt utan við Norðfjarðarvita.  Frá efstu drögum Stóralækjar ná mörk fólkvangsins beint upp í eggjar og þaðan út í Nípukoll og niður í sjó á Níputá (Flesjartanga) (Alta, 2009). Afmörkun skipulagssvæðisins má sjá á mynd 3.



*Mynd 1 Fólkvangurinn í heild (til vinstri). Afmörkun deiliskipulagssvæðis sýnd með svartri brotalínu og mörk fólkvangs með bleikri brotalínu (til hægri).*

### BREYTINGAR Á UPPDRÆTTI DEILISKIPULAGSINS

Deiliskipulagsmörkum er breytt og hluti svæðisins umhverfis Stóralæk er fellt út.

### UMHVERFISÁHRIF

Áhrif breytingarinnar eru talin lítil eða engin þar sem aðeins er verið að fella út hluta af gildandi skipulagi.




GILDANDI UPPDRÁTTUR, mkv. 1:10.000




BREYTTUR UPPDRÁTTUR, mkv. 1:10.000




HLUTI AF GILDANDI UPPDRÆTTI, mkv. 1:5.000




HLUTI AF BREYTTUM UPPDRÆTTI, mkv. 1:5.000




GILDANDI SKÝRINGARMYND, mkv. 1:500




BREYTT SKÝRINGARMYND, mkv. 1:500




AÐALSKIPULAG FJARÐABYGGÐAR 2020-2040

Brot úr þéttbýlisuppdrætti fyrir Norðfjörð, staðsetning merkt með rauðum hring.

### Skýringar

- Mörk deiliskipulags
- Mörk fólksvangs
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Mænisstefna
- Mannvirki
- Stikaðar gönguleiðir
- Göngustígur
- Göngustígur utan deiliskipulags
- Gangbraut
- Bílastæði
- Bílastæði fyrir hreyfihamlaða
- Ár og vötn
- Fyrirhugaður gróður
- Hæðarlínur
- Miðlína vegar
- Akstursvegur
- Þjónustuaðstaða
- Áningastaðir
- Fræðsluskilti
- Minjar

SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagsbreyting þessi.

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið

skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var

samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggð þann ______________

Tillagan var auglýst frá ______________________________

með athugasemdafresti til______________________________

Skipulagsfulltrúi

EFLA

Fólkvangur Neskaupstaðar - Útivistarsvæði
Fjarðabyggð
Breyting á deiliskipulagi

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
| --- | --- | --- | --- |
| 1860-077-12 | A1 | AKS | IS |
| MÆLIKVARÐI: 1:10.000 / 1:5.000 / 1:500 | DAGS: 30.06.2023 | DAGS.BREYT: --- | |

TILLAGA